

Kennarar: Guðni Th. Jóhannesson
og Magnús Sveinn Helgason
Umsjónarkennari: Guðni Th. Jóhannesson

ÍSLENSK STJÓRN MÁL

NÁMSÁÆTLUN

Markmið

Nemar í lögfræði og viðskiptafræði þurfa nauðsynlega að kunna skil á helstu þáttum í stjórn málasögu Íslands síðustu áratugi. Staða mála í samtímanum verður ekki skilin til hlítar nema menn hafi grunnþekkingu á hinni sögulegu þróun. Í námskeiðinu verður farið yfir helstu þætti í stjórn málasögu landsins. Lögð verður áhersla annars vegar á virka þátttöku nemenda og hins vegar á aðkomu gestafyrirlesara úr stjórn mála- og atvinnulífi.

Að námskeiðinu loknu er stefnt að því að nemendur kunni skil á helstu atburðum í stjórn málasögu Íslands frá lýðveldisstofnun til okkar daga, einkum eftirtöldum þáttum:

- flokkaskipan og breytingum á henni
- ríkisstjórnnum
- hagþróun
- búsetuþróun
- fjölmiðlaþróun

Mest áhersla verður þó lögð á að kynna nemendur fyrir hagþróun og efnahagsstefnu á tuttugustu öld. Í fyrri hluta námskeiðsins munu lyktir sjálfstæðismálsins og iðnvæðing landsins upp úr aldamótum, ásamt deilum um skipun bankamála verða rædd, en myndun fjór flokkakerfisins og haftakerfis þess sem einkenndi íslenska hagstjórn nærri hálfu öld munu skipa einna stærstan sess í fyrsta helmingi námskeiðsins. Saga íslensku krónunnar og gengismálið munu rædd, enda var gengismálið eitt mikilvægasta deilumál stjórn mála milli stríða. Þá verður saga hafta- og millifærslukerfisins rædd. Þessi saga er þeim mun

mikilvægari í ljósi þess að nú hefur að nýju verið gripið til gjaldeyrishafta og framtíð íslensku krónunnar hefur að nýju orðið eitt mesta hitamál stjórnmalanna.

Í síðari hluta námskeiðsins verður lögð áhersla á stjórnmalasögu síðustu áratuga, þróun stjórnmalaflokka, ríkisstjórnarmyndanir og stöðu forsetans í íslenskri stjórnskipun. Einnig verður bankahrúnið 2008 rætt sérstaklega.

Áhersla er lögð á að nemendur þjálfist í að draga fram aðalatriði, ræða um og meta sögulegt efni í umræðutímum og að skrifa fræðilegan teksta og lengri ritgerðir.

Kennslutilhögun og kennsluaðferðir

Kennsla í námskeiðinu hefst mánudaginn 12. janúar og síðasti kennsludagur er mánudagurinn 6. apríl. Í upphafi hvers tíma mun verða lagt fyrir skyndipróf úr lesefni vikunnar og fyrirlestri síðustu viku. Þessi próf munu yfirleitt vera stutt og laúflétt, krossapróf, “fylla í eyðurnar”, raða atburðum í rétta tímaröð osv. Þá tekur við 30-40 mínútna fyrirlestur. Síðari kennslustundin mun að jafnaði helguð umræðum um lesefni vikunnar. Í umræðutímum er farið dýpra ofan í efnið sem fyrirlestrar vikunnar fjalla um eða tekið fyrir afmarkað efni sem tengist þeim. Gert er ráð fyrir virkri þáttöku allra nemenda.

Mikilvægt er að nemendur mæti undirbúnir í umræðutíma, hafi lesið námsefnið sem lagt er upp hverju sinni í námsáætlun og búið sig undir að taka afstöðu til spurninga sem þar er varpað fram. Gagnsemi umræðutímanna veltur á góðum undirbúningi og virkri þáttöku nemenda. Tímarnir verða auk þess miklu skemmtilegri þegar nemendur eru vel lesnir!

Ritgerð

Námsmat:

Námsmat er þannig að skriflegt próf gildir 50% af einkunn, ritgerð 35% og skyndipróf og þátttaka í tímum 15%.

Nemendur á B.A. stigi skrifa eina heimildaritgerð í námskeiðinu og skal hún vera 8-10 bls. löng (um 3.000-3.500 orð), unnin eftir viðurkenndum kröfum um fræðilegar ritgerðir. Ritgerð skal skila ekki síðar en síðasta kennsludag, 18. apríl. Ritgerðin skal fjalla um efni í Íslandssögu tímabilsins og velur nemandi það af lista sem lagður er fram í upphafi námskeiðs. Nemanda er heimilt að velja annað efni með samþykki kennara.

Nemar á M.A. stigi skulu að auki skrifa ritgerð, 6-7 blaðsíður (um 2.000-2.500 orð) um eitt ritgerðarefni til viðbótar. Skiladagur ritgerðanna ræðst af því hvenær viðkomandi efni er til umræðu. MA nemar munu kynna efni ritgerðar sinnar og leiða umræður í umræðutíma.

Námsefni

Í námskeiðinu verður stuðst við tvo megintexta, *Ísland á 20. öld* eftir Helga Skúla Kjartansson, og *Frá kreppu til viðreisnar. Þættir um hagstjórn á Íslandi á árunum 1930 til 1960*, í ritstjórn Jónasar Haralz. Að auki munu nemendur lesa tvær styttri bækur, *Kommúnistahreyfingin á Íslandi* eftir Þór Whitehead og *Alþýðuflokkurinn og stjórn hinna vinnandi stétta* eftir Valdimar Unnar Valdimarsson auk kafla úr bókinni *Þjóð í hafti* eftir Jakob F. Ásgeirsson. Þá munum við lesa og greina frumheimildir, t.d. nefndarálit og greinargerðir með lögum, en þeim mun dreift á ljósritum í tímum.

Breytingar sem kunna að verða á leslista eða fyrirfram ákveðinni námsátælnun verða kynntar í tíma með minnst viku fyrirvara.

DAGSETT NÁMSÁÆTLUN

Fyrsta vika, 12. janúar:

Heimastjórn og fullveldi: Stjórnmalabaráttu fyrstu áratugi aldarinnar.

HSK: bls 13-26 og 54-77 (36 bls.)

HSK: bls. 26-54 (28 bls.)

Önnur vika, 19. janúar:

Iðnbylting hugarfarsins: Efnahagsþróun landshöfðingjatímans.

Bjarni Bragi Jónsson, “Hafta og styrkjakerfi á Íslandi”, JHH et al., bls. 135-143, (8 bls.)

Guðmundur Jónsson, “Hagþróun og hagvöxtur á Íslandi 1914-1960”, JHH et al. bls 9-39, (30 bls)

Ólafur Ásgeirsson, *Iðnbylting hugarfarsins. Átök um atvinnuþróun á Íslandi 1940-1940.*

Valdir kaflar (50 bls ca.)

Jóhannes Nordal “Mótun peningakerfisins fyrir og eftir 1930”, JHH et al. bls 41-55 (14 bls.)

*Þeir MA nemar sem skrifa um Veðdeild Landsbankans skulu kynna ritgerðir sínar

Þriðja vika, 26. janúar:

Stéttastjórnsmál: Fjórflökkakerfið myndast, kjördæmamálið.

HSK, bls. 81-95, 120-139, og 143-209, (99 bls.)

Þór Whitehead, *Kommúnistahreyfingin á Íslandi*, öll, (90 bls. ca)

*Þeir MA nemar sem skrifa um fyrstu endalok Íslandsbanka skulu kynna ritgerðir sínar

Fjórða og fimmta vika, 2. og 9. febrúar:

Tvíburakreppa millistríðsáranna: Íslenska krónan, heimskreppa og haftakerfi

HSK: bls. 95-120 (25 bls)

Valdimar Unnar Valdimarsson, *Alþýðuflokkurinn og stjórn hinna vinnandi stétta*, öll. (70 bls. ca)

Jónas Haralz, “Hvað sögðu ráðgjafarnir?” “Umræðan um gengismálin 1928-1931” JHH et al. bls. 223-234 (11 bls.)

Jóhannes Nordal “Mótun peningakerfisins fyrir og eftir 1930”, JHH et al. bls 55-81 (26 bls.)

Magnús Sveinn Helgason, “Hin heiðarlega króna. Gengisskráning krónunnar sem viðfangsefni stjórnsmálalabaráttunnar á kreppuárunum 1931-1939”, JHH et al. Bls 81-134, (54 bls.)

*Þeir MA nemar sem skrifa um tillögur Erik Lundberg skulu kynna ritgerðir sínar

*Þeir MA nemar sem skrifa um kjördæmamálið skulu kynna ritgerðir sínar

Að auki, ítarefni:

Jónas Haralz, “Hvað sögðu ráðgjafarnir?” “Skipulagsnefnd atvinnumála og heimsókn Eriks Lundbergs”, JHH et al. bls 234-259 (25 bls.)

Bjarni Bragi Jónsson, “Hafta og styrkjakerfi á Íslandi,” JHH et al., bls. 143-162, (19 bls)

Sjötta vika, 16. febrúar:

Heimsstyrjöldin og nýsköpunarstjórnin: Búsetuþróun og félagsleg vandamál í þéttbýli.

HSK, bls. 213-269 (56 bls)

Jónas Haralz, “Ísland og Bretton Woods stofnanirnar” og “Hagfræðingaálitid 1946”, JHH et al. bls. 259-312 (53 bls.)

Bjarni Bragi Jónsson, “Hafta og styrkjakerfi á Íslandi”, JHH et al., bls. 162-172, (10 bls)

*Þeir MA nemar sem skrifa um Hagfræðingaálitid 1946 skulu kynna ritgerðir sínar

Sjöunda vika, 23. febrúar:

Marshallaðstoðin og haftakerfið: Millifærslukerfi og helmingaskipti eftirstriðsáranna

HSK, bls. 273-308 (35 bls)

Jónas Haralz, “Hvað sögðu ráðgjafarnir?” “Tillögur Benjamíns Eiríkssonar 1949-1950”, JHH et al. bls. 312-327, (15 bls)

Bjarni Bragi Jónsson, *Hafta og styrkjakerfi á Íslandi*, JHH et al., bls. 172-209 (38 bls.)

Valur Ingimundarson, “Viðhorf Bandaríkjanna til íslenskrar hagstjórnar á 5 og 6 áratugnum”, bls 327-344, (17 bls)

Jakob F. Ásgeirsson, *Þjóð í hafti*, valdir kaflar. (50 bls ca)

*Þeir MA nemar sem skrifa um álitgerð Benjamín H.J. Eiríkssonar skulu kynna ritgerðir sínar

Áttunda vika, 2. mars:

Viðreisnarstjórnin: Undið ofan af haftakerfinu, Evrópumálin tekin til umræðu og félagslega velferðarkerfið eftl.

HSK, bls. 309-343 (34 bls.)

Bjarni Bragi Jónsson, *Hafta og styrkjakerfi á Íslandi*, JHH et al., bls. 209-215 (6 bls)

„Drög að viðreisn. Viðtal við Ólaf Björnsson prófessor“, og „Róttækasta aðgerð hagsögunnar. Viðtal við dr. Benjamín H. J. Eiríksson“. *Vísbinding*, 12/1994

Gylfi Þ. Gíslason, *Viðreisnarárin*, bls. 57–71, 251–263.

Ný saga 2 (1988), bls. 95–105 (þrjár greinar um viðreisnarstjórnina).

*Þeir MA nemar sem skrifa um sambúð verkalýðshreyfingar og viðreisnar skulu kynna ritgerðir sínar

Níunda vika, 9. mars:

Órói á áttunda áratugnum. „Villta vinstrið“ og „68-kynslóðin“. Deilur um „hersetu“ eða „varið land“.

HSK, bls. 345-386 (41 bls.)

Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir, *‘68. Hugurflug úr viðjum vanans* (Reykjavík, 1987), bls. 261-293.

Guðni Th. Jóhannesson, *Óvinir ríkisins. Ógnir og innra öryggi í kalda stríðinu á Íslandi* (Reykjavík, 2006), bls. 215-250.

Leifur Reynisson, „Ímyndunaraflið til valda. Barátta 68-kynslóðarinnar fyrir betri heimi“. *Sagnir XIX* (1998), bls. 60-69.

*Þeir MA nemar sem skrifa um „herinn burt og varið land“ skulu kynna ritgerðir sínar

Tíunda vika, 16. mars:

Pólitísk átök áttunda áratugarins. Búsetuþróun og „flóttinn frá landsbyggðinni“.

HSK, bls. 386-453 (67 bls.)

Guðni Th. Jóhannesson, *Völundarhús valdsins* (Reykjavík, 2005), bls. 192-290.

*Þeir MA nemar sem skrifa um stjórnarkreppuna 1979-1980 skulu kynna ritgerðir sínar.

11. vika, 23. mars:

Ísland við aldarlok. Velferðarkerfi. Nýtt flokkakerfi – eða hvað? Nýtt forsetaembætti

HSK, bls. 455-529 (74 bls.)

Efni í fjölmiðlum og á interneti um stjórnmalaflokka við upphaf aldar.

*Þeir MA nemar sem skrifa um forsetatíð Ólafs Ragnars Grímssonar skulu kynna ritgerðir sínar

12 vika, 30. mars:

Bankahrunið 2008. „Útrásin“ í upphafi 21. aldar, vöxtur bankakerfisins. „Nýja Ísland“.

Efni í fjölmiðlum og á interneti um bankakreppuna.

Guðmundur Magnússon, *Nýja Ísland* (valdir kaflar).

*Þeir MA nemar sem skrifa um bankahrunið 2008 skulu kynna ritgerðir sínar

13 vika, 6. apríl:

Samantekt. Upprifjun á efni námskeiðsins. Umræður um stöðu íslensks samfélags við upphaf 20. aldar og þeirrar 21.